FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

# Áfangalýsing FAS

| | |
|---|---|
| **Titill** | Þroskasálfræði |
| **Námsgrein:** | sálfræði |
| **Viðfangsefni:** | nám, Þroskasálfræði, þroski, þróun |
| **Skammstöfun:** | SÁLF3ÞÞ05 |
| **Þrep:** | 3 |
| **Einingafjöldi:** | 5 |
| **Lýsing:** | Í áfanganum er fjallað um þroskaferil mannsins og sérstaklega tekinn fyrir þroski tilfinninga, félagslegra samskipta, hugsunar og greindar. Einnig er fjallað um þroskahamlanir og þær skoðaðar út frá líffræðilegu og sálfræðilegu sjónarhorni. Nemendur fá æfingu í að ræða um og velta fyrir sér álitamálum sem tengja má við efni áfangans. Mótunaráhrif fjölskyldu og vina eru skoðuð og komið er inn á vandamál barna og unglinga, s.s. geðræn, tilfinningaleg og náms- eða hegðunarvandamál. |
| **Forkröfur:** | SÁLF2IN05 |
| **Þekkingarviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• sögulegum bakgrunni þroskasálfræðinnar og hugmyndum um bernsku<br>• viðfangsefnum og helstu álitamálum þroskasálfræðinnar<br>• helstu kenningarsmiðum á sviði þroskasálfræðinnar<br>• helstu hugtökum innan þroskasálfræðinnar<br>• framlagi þroskasálfræðinnar innan sálfræðinnar og til samfélagsins<br>• þroskaferli mannsins |
| **Leikniviðmið:** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• meta hugmyndir og viðfangsefni þroskasálfræðinnar<br>• tjá sig um sálfræðilegt efni í ræðu og riti<br>• afla upplýsinga, greina þær og setja í fræðilegt samhengi<br>• nýta fræðilegan texta um efnið á íslensku og erlendu tungumáli |
| **Hæfniviðmið:** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• vera meðvitaður um mótunaráhrif uppeldis<br>• geta tekið ákvarðanir á upplýstan og meðvitaðan hátt í samskiptum við aðra<br>• tjá sig í ræðu og riti við mismunandi aðstæður<br>• meta eigin frammistöðu og annarra á gagnrýninn hátt |
| **Námsmat** | Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá. |